

**Nd.**

**166. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við lögum um ættaróðal og erfða-ábúð. Breytingar þær, sem frv. gerir á gildandi lögum, eru, að fellt er burtu það skilyrði fyrir kauparétti ábúanda, að hann hafi fengið áður erfðaábúð á jörðinni og að krafan um, að kaupandi hafi búið á jörðinni tiltekna áratölu, er færð niður í eitt ár. Einn nefndarmanna, Sigurður Guðnason, telur sig ekki geta aðhyllt stefnu frv. og skrifar því undir með fyrirvara. Aðrir nefndarmenn vilja samþykkja frv. með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

Við 1. gr.

- a) Fyrir „1 ár“ komi: 3 ár.
- b) Fyrir orðið „umsókn“ komi: umsögn.

Alþingi, 16. nóv. 1945.

Jón Pálmason, form.	Bjarni Ásgeirsson, fundaskrifari.	Jón Sigurðsson, frsm.
Barði Guðmundsson.	Sigurður Guðnason, með fyrirvara.	